

D ó m s o r ð:

Stefndi, Jón Vilhjálmsson, greiði stefnanda, Helga Jónssyni, kr. 351.246 með 19% ársvöxtum frá 1. október 1978 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 200.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 15. febrúar 1983.

Nr. 215/1982. **Sverrir h/f, Grindavík,**

gegn

Enni h/f, Ólafsvík.

Kærumál. Þinglýsing.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 30. september 1982, sem barst Hæstarétti 1. nóvember s. á., skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 39/1978.

Sóknaraðili krefst þess, að úrskurður þessi verði felldur úr gildi eða honum breytt þannig, að réttaráhrif þinglýsingarinnar vakni að nýju. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar.

Hinn kærði úrskurður er kveðinn upp á aukadómþingi Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, en ekki í þinglýsingardómi, svo sem rétt hefði verið. Ekki er ástæða til þess að ómerkja málsmeðferð af þeirri ástæðu, svo sem hér stendur á.

Mótmælaskjal það, sem greinir í úrskurði og þinglýst var hinn 20. júlí 1982, er svohljóðandi: „Mótmæli: — Undirritað hlutafélag, Sverrir h.f., Grindavík, mótmælir hér með heimild Ennis h.f., Ólafsvík, til að veðsetja skipið Guðlaug Guðmundsson SH 97.

Jafnaframt er þess krafist að eignarheimild Ennis h.f. og þær veðsetningar, sem fram hafa farið, verði þegar í stað afmáðar úr skipabók.— Með tilvísun til 27. greinar þinglýsingarlaga er þess farið á leit, að mótmælum þessum verði þinglýst á skipið. — Keflavík 9. 7. 1982. Magnús Þ. Sverrisson. Bjarni G. Gunnarsson — í stjórn Sverris h.f.“. Svo sem í úrskurði greinir, var skjali þessu þinglýst 20. júlí 1982, en kröfu í skjalinu um, að afmáðar yrðu þinglýsingarfærslur um eignarheimild og veðsetningar ekki sinnt að öðru leyti.

Í hinum kærða úrskurði er greint frá bæjarþingsmáli, sem rekið er fyrir bæjarþingi Ísafjarðar út af skipasmíðasamningi sóknaraðilja, Sverris h/f, við Skipasmíðastöð M. Bernharðssonar h/f og kröfum og yfirlýsingum aðilja þess máls um riftun skipasmíðasamnings. Í bréfi M. Bernharðssonar skipasmíðastöðvar h/f til Sverris h/f frá 4. september 1981 segir m. a. svo: „ Með tilvísan til fyrri bréfa okkar, og samkvæmt 11. gr. samnings okkar um nýsmíði 51, kjósum við að rifta smíðasamningi við yður, og tilkynnist yður hér með sú ákvörðun okkar. . .“ Með bréfi, dagsettu hinn 7. sama mánaðar, tilkynnti lögmaður sóknaraðilja, Sverris h/f, M. Bernharðssyni skipasmíðastöð h/f, að hann mótmælti framan­greindri riftunartilkynningu, ekki væri sjáanleg heimild til riftunar af hálfu M. Bernharðssonar skipasmíðastöðvar h/f og ítrekar kröfu um, að haldið verði áfram smíði skipsins. Í símskeyti, sem lögmaður sóknaraðilja sendi fyrir hans hönd til M. Bernharðssonar skipasmíðastöðvar h/f, Ísafirði, hinn 1. júní 1982, segir m. a. svo: „Riftun. Hér með er rift smíðasamningi dags. 25/8 1979 um nýsmíði nr. 51 ... Staðfestingarmál verður höfðað án tafar Jón G. Briem hdl. . .“ Í stefnu í framangreindu bæjarþingsmáli á Ísafirði, útgefinni 4. júní 1982, er fyrsta stefnukrafa Sverris h/f á hendur M. Bernharðssyni Skipasmíðastöð h/f sú, „að stefnda verði dæmt til að þola riftun á smíðasamningi dags. 28. 8. 1979 um nýsmíði nr. 51...“ Gagnsök í sama máli er höfðuð með gagnstefnu M. Bernharðssonar skipasmíðastöðvar h/f gegn Sverri h/f, útgefinni hinn 23. júní 1982. Fyrsti liður stefnukrafna er svohljóðandi: „Að gagnstefnda sóknaraðila þessa kærumáls verði dæmt að þola riftun á smíðasamningi, dags. 28. 5. 1979 um nýsmíði nr. 51...“

Svo sem að framan greinir, færði þinglýsingardómari mótmæla­skjal sóknaraðilja til þinglýsingarbókar hinn 20. júlí 1982, en leið-

rétti þá færslu og felldi hana úr gildi með hinum kærða úrskurði. Er síðarnefnd úrlausn þinglýsingardómara kæruefni í kærumáli þessu.

Eins og hér stendur á, var þinglýsingardómara rétt að eigin frumkvæði að taka þinglýsinguna til efnismeðferðar og leiðréttingar að nýju, sbr. 2. mgr. 27. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978, en dómarrinn veitti aðiljum hæfilegan frest til að gera grein fyrir máli sínu og úrskurðaði málið að svo vöxnu án tafar.

Stefna aðalstefnanda, sóknaraðilja í kærumáli þessu, í framangreindu bæjarþingsmáli og stefna gagnstefnanda, M. Bernharðssonar skipasmíðastöðvar h/f, svo og aðrar yfirlýsingar þeirra varðandi skipasmíðasamning þann, er greinir í málinu, bera með sér, að samningsaðiljar hafa rift samningnum, og er ágreiningur þeirra einskorðaður við kröfur til endurgreiðslu og skaðabóta vegna riftunar. Eins og málið horfir nú við, skortir efnislegan lagagrundvöll undir kröfu sóknaraðilja um þinglýsingu á skjali því, er hann krefst þinglýsingar á. Ber þegar af þeirri ástæðu að staðfesta niðurstöðu hins kærða úrskurðar.

Dæma ber sóknaraðilja til þess að greiða varnaraðilja kærumálskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 5.000.00 krónur.

Það athugast, að í úrskurði dómara eru þinglýsingarbækur ranglega nefndar veðmálábækur. Þar sem enginn vafi er á því, hvað við er átt, þykir ekki ástæða til þess að breyta ályktunarorðum úrskurðarins þess vegna.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Sverrir h/f, greiði varnaraðilja, Enni h/f, 5.000.00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður aukadómþings Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu

20. september 1982.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar í dag, hefur Enni h/f, Ólafsvík, þinglýstur eigandi skipsins Guðlaugs Guðmundssonar, SH 97, krafist þess, að þinglýst mótmæli af hálfu Sverris h/f, Grindavík, með bréfi, dags. 9.

júlí 1982, verði afmáð úr veðmálalabókum embættisins, þar sem engin þau gögn hafi verið lögð fram, er geti réttlætt þinglýsingu þeirra, en samkvæmt mótmælaskjali þessu, dags. 9. júlí 1982, hefur Sverrir h/f mótmælt heimild Ennis h/f til að veðsetja umrætt skip og jafnframt sett fram kröfur um, að eignarheimild Ennis h/f og þær veðsetningar, sem fram hafa farið, verði þegar í stað afmáðar úr skipabók.

Þykir því eðlilegt að ráða máli þessu til lykta með úrskurði.

Málavextir eru þessir:

Með tilkynningu, dags. 7. maí 1982, um skráningu m/b Guðlaugs Guðmundssonar, SH 97, í aðalskipaskrá þann sama dag sendi Siglingamálastofnun ríkisins embættinu skipasmíðaskírteini, útféið á Ísafirði 5. sama mánaðar, þar sem M. Bernharðsson skipasmíðastöð h/f, Ísafirði, lýsir því yfir, að fyrirtækið hafi í skipasmíðastöð sinni smíðað fiskiskipið Guðlaug Guðmundsson, sem hefur smíðanúmer 51, umdæmisbókstafi og tölur SH 97 og skipaskrárnúmer 1622, og sé skipið smíðað fyrir og á kostnað Ennis h/f, Ólafsvík. Jafnframt samþykkir skipasmíðastöðin, að Enni h/f verði skráð eigandi skipsins.

Samkvæmt þessum skjölum var skipið Guðlaugur Guðmundsson, SH 97, síðan skráð í skipabók Snæfellsnes - og Hnappadalssýslu sem þinglýst eign Ennis h/f, Ólafsvík. Hinn 9. júní 1982 var jafnframt þinglýst fjórum veðskuldabréfum, sem tryggð eru með veði í skipinu, og nokkru síðar einu veðskuldabréfi í viðbót.

Sverrir h/f, Grindavík, vildi ekki una þessu og sendi embættinu mótmælaskjal, dags. 9. júlí 1982, og óskaði eftir, að því yrði þinglýst á skipið með vísun til 27. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978. Samkvæmt skjalinu mótmælir Sverrir h/f heimild Ennis h/f til að veðsetja m/b Guðlaug Guðmundsson, SH 97, og setur jafnframt fram þær kröfur, að eignarheimild Ennis h/f og þær veðsetningar, sem fram hafa farið, verði þegar í stað afmáðar úr skipabók. Sverrir h/f byggir mótmæli sín og kröfur á því, að eigandi skipsins sé ranglega tilgreindur í skipasmíðaskírteini. Í því sambandi er vísað til skipasmíðasamnings milli Bernharðssonar skipasmíðastöðvar h/f og Sverris h/f, dags. 25. ágúst 1979. Með mótmælaskjali Sverris h/f fylgdu ljósrit af umræddum skipasmíðasamningi og fleiri skjölum, sem fyrirtækið hefur lagt fram í máli, sem það hefur höfðað á hendur M. Bernharðssyni skipasmíðastöð h/f með stefnu, dagsettri 4. júní 1978, til riftunar smíðasamningnum og greiðslu skaðabóta og rekið er fyrir bæjarþingi Ísafjarðar.

Mótmælaskjalið var móttekið til þinglýsingar 16. júlí 1982 og þinglýst 20. sama mánaðar, merkt lítra 940 - 1982. Skjalinu var þinglýst með vísun til 2. mgr. 27. gr. þinglýsingarlaga nr. 39/1978 samkvæmt ósk þinglýsingar-

beiðanda, Sverris h/f, og litið á þinglýsingu þessa sem bráðabirgðavernd ætlaðra réttinda Sverris h/f til skipsins Guðlaugs Guðmundssonar, SH 97, en þá ekki tekin afstaða til krafna þinglýsingarbeiðanda varðandi réttindi yfir skipinu að öðru leyti.

Með símskeyti, dags. 14. september 1982, var Sverri h/f tilkynnt um frekari meðferð málsins skv. 2. mgr. 27. gr. þinglýsingarlaga, veittur frestur í því skyni til 20. sama mánaðar, er þinghald var ákveðið.

Jafnframt var Enni h/f gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna og til þess veittur sami frestur, en forráðamenn Ennis h/f höfðu haft samband við embættið í lok ágúst mánaðar sl., er þeir tjáðu sig hafa fengið vitneskju um þinglýsingu mótmælaskjalsins, og krafist þess, að það yrði afmáð úr veðmálabókum.

Lögmaður þinglýsingarbeiðanda, Sverris h/f, Jón G. Briem héraðsdómslögmaður, svaraði framangreindri tilkynningu dómara um frest og boðun þinghalds vegna máls þessa með símskeyti, dags. 17. þ. m., sem lagt hefur verið fram í málinu, dskj. nr. 19. Kveður hann sér ekki vera ljóst, á hvaða grundvelli boðað sé til réttarhalds, þar sem þinglýsingu mótmælanna sé lokið og þinglýsingin bindandi fyrir dómarrann og aðilja, þ. e. að þegar gerð afgreiðsla hinn 20. júlí sl. sé „res judicata.”

Á þetta sjónarmið þinglýsingarbeiðanda verður ekki fallist, þar sem líta verður á þinglýsingu mótmælanna af hálfu Sverris h/f hinn 20. júlí 1982 sem bráðabirgðavernd ætlaðra réttinda þinglýsingarbeiðanda til skipsins Guðlaugs Guðmundssonar, SH 97.

Slíkum mótmælum er almennt, eðli málsins samkvæmt, að jafnaði ætlaður skammur gildistími vegna hugsanlegra leiðréttinga eða þar til fullnægjandi sannanir fyrir kröfum að mati dómara hafa verið lagðar fram og endanleg niðurstaða fæst varðandi kröfur samkvæmt hinum þinglýstu mótmælum og þá með úrskurði, ef á þarf að halda, enda gerir 2. mgr. 27. gr. þinglýsingarlaga beinlínis ráð fyrir slíkri málsmeðferð og fresti í því sambandi.

Niðurstaða.

Svo sem að framan er rakið, er Enni h/f, Ólafsvík, þinglýstur eigandi skipsins Guðlaugs Guðmundssonar, SH 97, samkvæmt skipasmíðaskírteini, dags. 5. maí 1982. Skipasmíðaskírteinið virðist útgefið í framhaldi af smíðasamningi um skipið milli M. Bernharðssonar skipðasmíðastöðvar h/f og Ennis h/f, dags. 29. desember 1981. Þessi eignarheimild að skipinu, sem hefur verið þinglýst, skoðast vera fullnægjandi, sbr. enn fremur önnur framlögð skráningarskjöl.

Ekki verður séð af skjölum málsins, að Sverrir h/f, Grindavík, hafi að svo stöddu nokkra lögformlega heimild til skipsins. Auk þess hefur Sverrir

h/f þegar krafist riftunar smíðasamningsins frá 25. ágúst 1979, dskj. nr. 5, sbr. framlögð dómskjöl nr. 4 - 14. Ljóst er, að kröfugerð og efnisatriði í umræddu riftunar- og skaðabótamáli milli verkkaupa og verksala samkvæmt smíðasamningi þessum eða út af honum, sem er til meðferðar fyrir bæjarþingi Ísafjarðar, geta að öðru leyti ekki ráðið úrslitum um niðurstöðu í þinglýsingarmáli þessu.

Þá hefur þinglýsingarbeiðandi ekki sótt þing í málinu og ekki lagt fram nein gögn til sönnunar rétti sínum í þar til veittum fresti.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, og með vísun til gagna málsins og allra atvika þykja því ekki vera efni til að láta hin þinglýstu mótmæli Sverris h/f standa áfram óbreytt í veðmálabók jafnframt því sem þau valda þinglýstum eiganda skipsins fjárhagslegu tjóni.

Ber því að afmá umrædd mótmæli Sverris h/f varðandi heimildir hins þinglýsta eiganda m/b Guðlaugs Guðmundssonar, SH 97, af skipinu úr skipaskrá embættisins og jafnframt að synja um framgang á kröfum Sverris h/f varðandi eignarheimild og þegar þinglýstar kvaðir á skipið.

Málkostnaðar hefur ekki verið krafist.

Rikarður Másson, fulltrúi sýslumanns, kvað upp úrskurð þennan.

Dráttur á endanlegri afgreiðslu málsins stafar aðallega af fjarveru dómarsans frá störfum vegna sumarleyfis.

Því úrskurðast:

Þinglýsing á mótmælum Sverris h/f, Grindavík, dags. 9. júlí 1982, (lítra 1982/940) varðandi eignarheimild og veðsetningu m/b Guðlaugs Guðmundssonar, SH 97, þinglýsta eign Ennis h/f, Ólafsvík, skal afmáð úr veðmálabók Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, og kröfu Sverris h/f um að afmá þinglýsta eignarheimild Ennis h/f að skipinu ásamt þegar þinglýstum veðsetningum á skipið úr veðmálabókum embættisins er synjað.